

Erindi íbúa í Vesturbæ, dags. 30. nóvember 2023, Öryggisviðbúnaður við fyrirhugaðan sendiherrabústað á Sólvallagötu 14

Ágæta Íbúaráð Vesturbæjar,

Íbúar í Reykjavík og á Íslandi búa við þau miklu, en ekki sjálfsögðu, lífsgæði að hér ríkir öryggi, traust, jafnræði, frelsi og ekki síst sakleysi. Þessi gæði eru mikill auður sem við verðum öll að standa vörð um.

Við skrifum hér fyrir hönd mikils fjölda íbúa í Vesturbæ sem hafa miklar áhyggjur af umfangsmiklum breytingum sem bandaríska sendiráðið hyggst gera á Sólvallagötu 14. Íbúar draga í efa að starfsemin sem fara á fram í húsinu geti flokkast undir heimilisrekstur í ljósi umfangs og eðlis þeirra breytinga og öryggisvarna sem fyrirhugaðar eru.

Breytingarnar sem sótt er um munu hafa óafturkræf áhrif á hverfisanda, öryggi, traust og jafnræði í hverfinu auk þess sem þær geta vegið að friðhelgi einkalífs nágretta, verði þær samþykktar.

Kjarni málsins er að starfsemin sem fara á fram í húsinu fellur ekki að friðsælu og þéttbýlu íbúðahverfi. Bandaríska sendiráðið telur þörf á miklum og áberandi öryggisvörnum til að verjast aðsteðjandi vá, sem er í sjálfu sér ógn við hverfið og íbúa þess og næg rök til að leyfa alls ekki breytingarnar:

- Sólarhringsviðvera varðmanna við húsið, sem kunna að verða vopnaðir.
- Hvíldaraðstaða fyrir varðmenn í rými sem á að byggja ofan á bílskúr á lóðinni er aðgerð sem hefur slæmt fordæmisgildi og má fullyrða að yrði aldrei leyfð öðrum íbúum hverfisins.
- Hátt öryggisstálgrindverk í kring um lóðina mun breyta ásýnd og anda hverfisins.
- Líklegt er að öryggiskröfur sendiráðsins kalli á frekari mannvirki og öryggisvörslu síðar.

Greinilegt er af fyrirhuguðum öryggisviðbúnaði að sendiráðið telur sendiherrabústaðnum ógnað á þessum stað, sem er í þéttri, friðsælli íbúðabyggð. Því teljum við réttast að Reykjavíkurborg aðstoði fulltrúa sendiráðsins við að finna farsæla lausn, sem tryggir sendiherranum öryggi, án þess að skerða öryggi og lífsgæði annarra. Miðað við þessar kröfur til öryggisviðbúnaðar verður það best gert með því að finna sendiherrabústaðnum stað þar sem almennir borgarar verða hvorki fyrir ónæði né ógn af starfseminni.

Það var íbúum hverfisins ákveðinn léttir að umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um fyrirhugaðar breytingar á húsi og lóð mæli gegn því að heimila byggingu vakthúss fremst á lóð Sólvallagötu 14, enda fjarstæðukennd framkvæmd í íbúðahverfi. En það veldur vonbrigðum að umsögnin er ekki afgerandi gagnvart heildaráhrifum breytinganna. Ekkert mat er lagt á þá ógn og ónæði sem af nýjum íbúum getur stafað né alvarleg áhrif á öryggi íbúa, almennra borgara og hverfisanda.

Það vekur ugg að ekki sé horft á alvarleika málsins í heild og að skipulagsfulltrúi borgarinnar virðist ekki skoða heildstætt áhrif þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á lóðinni sem tengjast öryggisvörnum. Áformaðar breytingar á húsi og lóð vegna sendiherrabústaðarins eru þess eðlis að meta þarf hvort starfsemi sem kallar á þennan viðbúnað falli að íbúðabyggð.

Húsið er áberandi og garðurinn snýr fram í götuna, þannig að allar breytingar verða mjög sýnilegar.

Hverfið er friðsælt íbúðahverfi, þar sem fólk býr þétt, fjöldi barna er á ferð og úti að leika sér og fjölskyldur telja sig fullkomlega öruggar. Landakotsskóli er steinsnar frá húsinu með hátt í 400 nemendur á aldrinum 5-16 ára af öllum þjóðernum. Hússtjórnarskólinn er við hliðina á, hjúkrunarheimilið Grund með um 200

Íbúa rétt hjá. Verslunin Kjötborg er einnig skammt frá sem dregur að sér fólk víða að, oft einstaklinga í viðkvæmri stöðu, Landakotsspítali er handan túnsins og Landakotskirkja er fjölsótt af fjölbjóðlegum hópi. Það er því fjölmennur og fjölbreyttur hópur fólks sem heldur til og leggur leið sína um hverfið og næstu götur.

Reykjavík er friðsæl borg og ásýnd hennar í samræmi við það. Borgaryfirvöld verða að gæta hagsmuna borgarbúa og standa vörð um öryggi þeirra, traust og sakleysi.

Því skorum við á ykkur sem Íbúaráð Vesturbæjar að styðja okkur íbúa í að varðveita hverfisanda og hagsmuni íbúa og standa vörð um grundvallargildi íslensks samfélags sem er öryggi, traust, jafnræði, frelsi og sakleysi og hafna umsókn bandaríska sendiráðsins um ofangreindar breytingar.

Með kærum kveðjum,

Aagot V. Óskarsdóttir, lögfræðingur, Hávalla­götu
Anna Margrét Marinósdóttir, framkvæmdastjóri, Hávalla­götu
Anton Emil Albertsson, nemi, Blómvalla­götu
Ari Magnússon, ljósmyndari, Ásvalla­götu
Arndís Lóa Magnúsdóttir, þýðandi, Hávalla­götu
Árni Geir Magnússon, Garðastræti
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsfræðingur, Hávalla­götu
Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur, Hávalla­götu
Auður Karítas Ásgeirsdóttir, hönnuður, Ásvalla­götu
Bjarni Gaukur Sigurðsson, Hávalla­götu
Björn Brynjúlfur Björnsson, kvikmyndagerðarmaður, Túngötu
Bolli Þórsson, læknir, Hávalla­götu
Börkur Arnarson, galleristi, Ásvalla­götu
Bryndís Sævarsdóttir, Sólvalla­götu
Brynhildur Arthúrsdóttir, Ásvalla­götu
Brynja Guttormsdóttir, píanóleikari, Ásvalla­götu
Einar Gylfason, hönnuður, Ásvalla­götu
Elías Gunnarsson, verkfræðingur, Sólvalla­götu
Elísabet Jónsdóttir, hönnuður, Hávalla­götu
Elísabet Þórisdóttir, lögfræðingur, Hávalla­götu
Elsa Steinunn Halldórsdóttir, lyfjafræðingur, Blómvalla­götu
Erna Sigurðardóttir fv. skrifstofustjóri Hávalla­götu
Garðar Guðmundsson, fornleifafræðingur, Hávalla­götu
Greipur Gíslason, ráðgjafi, Ásvalla­götu
Guðbrandur Stígur Ágústsson, Ásvalla­götu
Guðfinna Hinriksdóttir, Garðastræti
Guðný Gabriela Aradóttir, nemi, Blómvalla­götu
Guðrún Helga Svansdóttir, sérfræðingur, Ljós­valla­götu
Hákon Óskarsson, kennari, Ránargötu
Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri, Ásvalla­götu
Hallbjörn Karlsson, verkfræðingur, Sólvalla­götu
Hans Júlíus Þórðarson, markaðsstjóri, Ásvalla­götu
Hans-Olav Andersen, arkitekt, Hávalla­götu
Hávarður Tryggvason, hljóðfæraleikari, Hávalla­götu
Heiður Agnes Björnsdóttir rekstrarhagfræðingur, Ránargötu
Hildur Franziska Hávarðardóttir, nemi, Hávalla­götu
Hrefna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, Túngötu
Ingunn Sæmundsdóttir, verkfræðingur, Sólvalla­götu
Ingvi Þór Elliðason, rekstrarráðgjafi, Ásvalla­götu
Ívar Valgarðsson, myndlistarmaður, Ásvalla­götu

Jóhannes Benediktsson, Hávallagötu
Katla Kjartansdóttir, doktorsnemandi og stundakennari við HÍ, Ásvallagötu
Katrín Anna Lund, prófessor, Sólvallagötu
Katrín Ösp Bjarnadóttir, Ásvallagötu
Katrín Theodórsdóttir, lögfræðingur, Ásvallagötu
Kristín Huld Sigurðardóttir, fv. forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Hávallagötu
Kristinn Schram, háskólakennari, Ásvallagötu
Kristrún Auður Viðarsdóttir, fjárfestingastjóri, Sólvallagötu
Lani Yamamoto, rithöfundur, Ásvallagötu
Laufey Guðjónsdóttir, Hávallagötu
Marinó Tómasson, skólaliði, Hávallagötu
Örn Jónsson, Hávallagötu
Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Ásvallagötu
Rúrí Sigríðardóttir Kommata, myndlistarkona, Hávallagötu
Sævar Magnús Birgisson, Sólvallagötu
Saga Garðarsdóttir, leikkona, Brávallagötu
Sara Sigurbjörns Öldudóttir, félagsfræðingur, Ásvallagötu
Sigríður Björnsdóttir, lyfjafræðingur, Ásvallagötu
Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt, Hávallagötu
Sigríður Regína Sigþórsdóttir, kvikmyndagerðarkona, Blómvallagötu
Sigrún Kristjánsdóttir, sýningarstjóri, Ásvallagötu
Snorri Helgason, tónlistarmaður, Brávallagötu
Sólvin Tómasson, skólaliði, Hávallagötu
Steinunn Hauksson, verkefnastjóri, Ásvallagötu
Svala Jónsdóttir, Ásvallagötu
Svanhvit Leifsdóttir, hjúkrunarritari, Sólvallagötu
Tinna Hallgrímsdóttir, sérfræðingur, Hávallagötu
Tómas Eldjárn Vilhjálmsson, hjúkrunarfræðinugur, Ásvallagötu
Tómas Hermannsson, útgefandi, Hávallagötu
Unnur Ólafsdóttir, veðurfræðingur, Ásvallagötu
Unnur Valdís Kristjánsdóttir, hönnuður, Ásvallagötu
Valur Ragnarsson, lyfjafræðingur, Ásvallagötu
Viktor Sveinsson, athafnamaður, Ásvallagötu
Völundur Óskarsson, ritstjóri, Ásvallagötu
Þórarinn Eldjárn, rithöfundur, Ásvallagötu
Þórbergur Bollason, nemi, Hávallagötu
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, námssálfræðingur, Sólvallagötu
Þórunn María Jónsdóttir, hönnuður, Hávallagötu
Þröstur Þór Höskuldsson, forritari, Blómvallagötu
